



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FIMMTUDAGUR 17. nóvember 2022

KYNNINGARBLAÐ



Það verður ýmislegt gírnilegt góðgæti í boði á sýrlenska góðgerðarkvöldverðinum. MYND/ADSEND

Njóttu og styrktu

jme@frettabladid.is

Þann 17. nóvember verður haldið góðgerðarkvöld hjá Krafti, félagi ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Í húsnæði Krafts heldur hópur Sýrlendinga sýrlenskan góðgerðarkvöldverð. Allur ágóði rennur til Krafts. Nú er tækifæri til að styrkja gott málefni og bragða í leiðinni á ljúffengum sýrlenskum mat.

Barátta okkar allra

„Við erum hópur Sýrlendinga, búsettra á Íslandi. Sum okkar komu hingað sem flóttafólk, önnur af öðrum ástæðum. En öll eigum við það sameiginlegt að hafa verið afar vel tekið af Íslendingum og langar að leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins. Við kynntumst Krafti í gegnum átakið „Lífið er núna“. Við lærðum um það mikilvæga starf sem samtökin vinna og vissum strax að okkur langaði að gera eitthvað til að styðja við það. Baráttan við krabbamein er barátta okkar allra,“ segja Kinan Kadoni og Talal Abo Khalil, talsmenn hópsins.

Kvöldið verður haldið í húsa- kynnum Krafts og Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8 á 4. hæð, milli klukkan 18.00–21.00. Máltíðin kostar 3.500 fyrir fullorðna og 2.000 krónur fyrir börn 12 ára og yngri. Greitt er fyrir máltíðina á staðnum. Hlekk á skráningarblað er að finna í Facebook-viðburði: Sýrlenskur góðgerðarkvöldverður/Syrian Charity Dinner. Nauðsynlegt er að skrá sig svo unnt sé að reikna út hver mörg munu njóta kvöldverðarins. ■

**Förum
varlega
með eld
um hátíðirnar**



Setjum reykskynjarana í fyrsta sæti

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnir forvörnum gegn eldsvoðum. Í forvörnum fyrir almenning er lögð áhersla á að reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarteppi séu til staðar á hverju heimili. Slökkviliðið tekur einnig þátt í eldvarnaátaki Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fyrir grunnskólabörn. **2**

Aldís Rún Lárusdóttir er nýr sviðsstjóri forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Eins og nafnið gefur til kynnar einbeittir forvarnasvið sér að forvörnum gegn eldsvoða með ýmsum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Aldís Rún segir mikilvægt að minna fólk á að hlaða raftæki, eins og til dæmis snjalltæki, síma eða rafhlaupahjól í öruggu umhverfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er mikilvægt að fólk skoði vel hvaða búnað það er með og yfirfari hann reglulega.

Aldís Rún Lárusdóttir er nýr sviðs- stjóri forvarnasviðs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins en hún hóf störf 1. september. Á forvarnasviði starfa 12 manns með mismunandi bakgrunn en tæpur helmingur starfsfólksins er slökkviliðsmenn í grunninn.

„Forvarnasvið skiptist í hönnunareftirlit og eldvarnaeftirlit. Hönnunareftirlitið felst í því að við förum yfir teikningar og brunahönnun í tengslum við umsókn um byggingarleyfi þar sem við erum umsagnaraðili hjá byggingarfulltrúa. Eldvarnaeftirlitið tekur svo við þegar bygg- ingarnar eru teknar í notkun og fylgir því eftir að brunavörnum sé viðhaldið í samræmi við lög og reglur,“ útskýrir Aldís Rún.

„Eldvarnaeftirlitið hjá okkur felst í auknum mæli í skjalfestingu öryggis. Það eru eldvarnafulltrúar í stærri byggingum, þeir skila inn gögnum fyrir hönd eigenda um að ákveðin atriði hafi verið yfirfarin og séu í lagi. En við erum líka enn að fara sjálf í fjölmargar hefð- bundnar eldvarnaskoðanir þar sem gengið er um húsið, ákveðin atriði skoðuð og skrásett, en það er allt skráð rafrænt hjá okkur í dag.“

Forvarnir fyrir almenning

Aldís Rún segir að í forvörnum fyrir almenning sé mest áhersla lögð á að fólk hafi reykskynjara í vistarverum sínum, einnig segir hún að slökkvitæki og eldvarna- teppi séu öryggisbúnaður sem ætti að vera sýnilegur á hverju heimili.

„Við setjum reykskynjara í fyrsta sæti. Þeir bjarga mannslí- um. Þetta er ódýrt tæki sem getur skipt sköpum ef upp kemur eldur. Það er mikilvægt að reykskynjarar séu í öllum helstu rýmum íbúða. Sérstaklega þar sem eru raftæki og þar sem fólk sefur,“ segir hún.

„Í flestum reykskynjurum þarf að skipta um rafhlöðu árlega en í dag er líka farið að selja reyk-

skynjara með rafhlöðum sem hafa lengri endingartíma. Það er mikilvægt að fólk skoði vel hvaða búnað það er með og yfirfari hann reglulega.“

Ungt fólk þarf að bæta sig

Kannanir sem Gallup hefur gert fyrir Eldvarnabandalagið sýna að almennt eru heimilin að efla eldvarnir.

„Þessar niðurstöður sannfæra okkur um gildi þess að halda uppi reglulegri fræðslu um eldvarnir. Sífellt fleiri eiga nauðsynlegan eldvarnabúnað eins og reykskyn- ara, slökkvitæki og eldvarna- teppi. Þó eru því miður ákveðnir hópar sem við höfum áhyggjur af. Könnun Gallup sýnir til dæmis að ungt fólkíð á aldrinum 25–34 ára þurfi að bæta sig. Það væri þess vegna flott að bæta reykskyn- urum, slökkvitæki og eldvarna- teppi á jólagjafalistann fyrir ungt fólk,“ segir Aldís Rún.

Eldvarnaátak

Landssamband slökkvi- liðs- og sjúkra- flutningamanna stendur árlega fyrir eldvarnaátaki og Slökkvilið höfuð- borgarsvæðisins tekur þátt í því.

„Þar sem eld- varnaátakið er nú haldið í 30. sinn má búast við því að fólk sem var í fyrstu árgöng- unum sé jafnvel komið með börn sem fá þessa fræðslu í grunnskólunum í dag. Eldvarnaátakið er fræðsla fyrir börn í þriðja bekk í grunn- skóla um eldvarnir í því skyni að efla eldvarnir og öryggi á heimilum þeirra. Skólarnir eru heimsóttir og farið er yfir fræðslu- efni,“ segir Aldís.

Það er mikilvægt að hafa kertin í öruggu umhverfi og víkja ekki frá þeim.

„Í fræðslunni er lögð áhersla á að kynna helstu atriði í eld- vörnum og kenna þeim að nota neyðarnúmerið 112, ef þau þurfa aðstoð. En slökkviliðin heimsækja einnig leikskólabörn þannig að þegar þau eru komin í 3. bekk þekkja þau nokkuð til,“ segir hún og bætir við að það hafi sýnt sig að fræðslan skilar sér inn á heimilin.

„Börnin fara heim og spyrja: Hvað erum við með marga reyk- skynjara? Hvar er slökkvitækið okkar? Þetta ýtir við foreldrunum og hvetur þá til að gera betur.“

Krakkarnir fá fræðsluefni með heim og geta svo tekið þátt í Eldvarnagætrauninni þar sem spurningum úr fræðsluefninu er svarað. Lausnum er skilað inn raf- rænt og svo er dregið úr innsend- um lausnum og verðlaun afhent á 112-deginum, sem er 11. febrúar ár hvert.

Örugg hleðsla

Núna þegar jölin nálgast er meira um að fólk hafi kveikt á kertum, en Aldís hvetur fólk til að fara sérstaklega varlega í kringum kertaljós.

„Það er mikilvægt að hafa kertin í öruggu umhverfi og víkja ekki frá þeim. En það er ekki bara í kringum jöl sem þarf að fara var- lega. Það þarf alltaf að huga að eldvörnum,“ segir hún.

„Hleðsla á raftækjum hefur verið mikið í umræðunni núna. Það er mikilvægt að minna fólk á

Við þökkum stuðninginn

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna færir eftirtöldum bestu þakkir fyrir stuðninginn við Eldvarnaátakið:

112, HMS, SHS, Eignarhalds- félaginu Brunabótafélagi Íslands, Eldvarnamiðstöðinni og slökkviliðunum í landinu.

að hlaða raftæki, eins og til dæmis snjalltæki, síma eða rafhlaupa- hjól í öruggu umhverfi. Það þarf að hafa þau í hleðslu í rými þar sem er reykskynjari og tækin má aðeins hlaða með búnaði sem ætlaður eru til hleðslu á þeim. Látið rafhlöðuna eða hleðslu- tækin vera á flötu tregbrennan- legu undirlagi og passið að breiða ekki yfir tækin, því þá geta þau ofhitnað. Auk þess ætti ekki að hlaða tæki þegar allir eru sofandi eða enginn til staðar og alls ekki nota skemmda rafhlöðu.“

Ef eldur kemur upp

Aldís segir mikilvægt að fólk kunni að bregðast við er eldur kemur upp.

„Þá er aðalatriðið að vera með þennan grunnöryggisbúnað sem við ræddum áðan, reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi, og beita þeim ef það er óhætt. Einnig viljum við leggja áherslu á að fólk komist út, þekki flóttaleiðirnar og kunni að opna þær,“ segir hún.

„Það er mikilvægt að bæði börn og fullorðnir kunni að bregðast við. Viti hvert þau ætla að fara og hvar þau ætla að hittast fyrir utan. Eldvarnahandbók heimilisins var gefin út fyrir nokkrum árum og hún stendur fyrir sínu. Þar er farið yfir helstu atriðin. Handbókin er aðgengileg á vef Eldvarnabanda- lagsins á íslensku, ensku og pólsku en Slökkvilið höfuðborgarsvæðis- ins visar líka í hana á sínum vef og eflaust fleiri.“ ■





GOZZIP skyrtukjöll fjólu mynstraður
Fleiri mynstur til
Stærðir 36-56
Verð 16.980 kr

GOZZIP Molly skyrtu túnika
Fæst líka í rauðu
Stærðir 36-56
Verð 16.980 kr

STUDIO Berit síðerma blússa
Stærðir 38-56
Verð 12.980 kr

STUDIO Silja tunika
Stærðir 38-56
Verð 16.980 kr

STUDIO Emilie síð skyrtu
Stærðir 38-56
Verð 16.980 kr



ZHENZI Neola blúndukjöll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56
Verð 13.990 kr

ZHENZI Jurnie glitterkjöll
Stærðir 42-56
Verð 13.990 kr

ZHENZI Neola blúndublússa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56
Verð 8.990 kr

ZE ZE Agis kjöll
Stærðir 38-48
Verð 11.990 kr

ZE ZE Atla kjöll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48
Verð 9.990 kr



ROBELL Sissi síðbuxur
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-52
Verð 15.980 kr

ROBELL Marie síðbuxur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 34-52
Verð 7.980

TAMARIS Gull glam hælaskór
Fæst líka í svörtu
Stærðir 37-42
Verð 10.990 kr

JANA hælaskór með bandi yfir rist
Stærðir 37-42
Verð 11.990 kr

MAJA seðlaveski með símahólfi
Fæst í fleiri litum
Verð 7.990 kr

SELENA hliðartaska
Verð 9.990 kr

CAMILLA veski
Fæst líka í dökkbrúnu
Verð 8.990 kr

Á yfir hundrað skópör og er hvergi hættur

Bjarni Viðar Sigurðsson keramikar opnar sinn árlega jólamarkað í dag og hefur að venju bakað hnallþóru og marengstertur fram á nótt.

thordisg@frettabladid.is

„Ég var mjög upptekinn af tískunni þegar ég var yngri, og jújú, ég er það enn, en á afslappaðri máta. Hér áður keypti ég mér aldrei fót án þess að hafa farið um allan bæ og fundið það rétta og ekki síst rétta merkið. Í dag vil ég enn góð merki og vandaðan fatnað, en mín helsta tískufyrirmynd er Marc Jacobs og þá sérstaklega vegna þess hve hann er frjálslegur í klæðnaði en getur líka verið mjög klassískur.“

Þetta segir Bjarni Viðar Sigurðsson, einn dádasti keramikar Íslendinga.

Á unglingsárunum lét hann sig dreyma um að læra fatahönnun á Ítalíu.

„Þar lá áhugasviðið en það varð ekkert úr því að ég færi. Í staðinn vinn ég við listsköpun í keramikinu og það er ótrúlegt hversu miklar tiskusveiflur eru í því, en rétt eins og í fatatískunni er margt sem heldur velli vegna þess hve klassísk verkin eru. Sjálfur fæ ég iðulega fyrirspurnir frá seljendum, hvort ég vilji senda þeim hina og þessa liti af verkum sem kaupendur vilja tímabundið en ég hef aldrei orðið við því. Ég vil fylgja mínu hjarta og gera nákvæmlega það sem ég brenn fyrir og ég veit að það kemur fram í verkunum,“ segir Bjarni.

Í svörtu frá toppi til táar

Bjarni segir fatastíl sinn vera afslappaðan.

„Áður fékk ég oft að heyra að ég væri smá kreisi í fatavali og gleraugum, og ég var það. Ég elskaði allt sem var áberandi og keypti mér oftar en ekki geggjaða og litríka hönnun. Í dag elska ég að komast yfir jakkaföt í dempuðum litum, eins og blávínröðu jakkafötin frá Sand sem ég keypti í Kaupmannahöfn og voru hönnuð af Ringo Starr. Þau eru minn uppáhalds klæðnaður.“

Þegar Bjarni vill stela senunni velur hann svarta litinn.

„Ég dýrka að klæðast svörtu frá toppi til táar og það er sjaldan sem maður sér karlmenn í öllu svörtu. Með aldrinum er ég þó farinn að ganga meira í litum sem fylgir því að ég nota liti mikið í minni listsköpun,“ segir Bjarni.

Þegar kemur að tisku er hann veikastur fyrir skóm.



Bjarni er flottur í tauinu og segir litavalið oft endurspegla listmuni sína.

„Ég er endalaust upptekinn af skóm. Nýlega ákvað maki minn að fara í gegnum skósaðnið og úr einum skáp af þremur komu 45 pör, þrjú ónotuð og sum sem ný. Sum sem höfðu verið í mestu uppáhaldi voru farin að láta á sjá og svo voru aðrir skór bara ekki lengur ég. Því fengu fimmtán pör að fjúka þar og þegar næstu tveir skápar voru opnaðir kom í ljós að ég var eigandi að fleiri en hundrað skópörum,“ segir Bjarni og hlær að öllu saman.

Föt sem lyfta persónuleikanum

Tískuráð sem Bjarni tileinkaði sér fékk hann hjá kunningja sínum í Danaveldi.

„Hann sagði best að klæðast því sem manni líður vel í. Þá skipti ekki máli hver hönnuðurinn væri heldur að flíkin lyfti upp persónuleika manns,“ segir Bjarni.

Hann minnst fyrstu sýningu sinnar í Hafnarborg 2002.

„Þá ákvað ég að vera í hvítum fötum fyrri part dagsins og svörtum kvöldklæðnaði seinni partinn, en fatnaðurinn fór saman við glerungana mína. Sá hvíti var eins og hvítur krumpuglerungur og svörtu fötin eins og svartur og glansandi satínglerungur. Allt samkvæmt nýjustu tisku þá og passaði tilefninu algjörlega.“

Hamingja, gleði og jólaandi

Bjarni opnar sinn rómaðan jólamarkað á vinnustofu sinni að Hrauntungu 20 í Hafnarfirði í dag.

„Já, þetta er hátíðisdagur. Ég hélt jólamarkaðinn fyrst fyrir sextán árum og var þá með tóman bílskúr, tvær hillur, keyptar kökur, kók og appelsín. Ég var staðráðinn í að gera þetta að einhverju. Margir komu og ég varð steinhissa, segir Bjarni fullur tilhlökkunar.

„Ég er nokkuð viss um að þetta er stærsti einstaklings-jólamarkaður hér á landi. Hann byrjaði



Keramikmunir Bjarna eru eftirsóttir víða um heim.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Áður fékk ég oft að heyra að ég væri smá kreisi í fatavali og gleraugum, og ég var það.

Bjarni Viðar Sigurðsson

sem tveggja daga en undanfarin ár hefur hann staðið yfir í fjóra daga og með kvöldopnun. Bæði ungir sem aldnir koma á markaðinn og mér er mikið í mun að börnin hafi líka gaman af, enda hef ég heyrt hjá þeim sem koma með börnin sín að þau segi: „Vei! Þetta er fyrsti dagurinn af jólunum, að fara til Bjarna!“ Andrúmsloftið er þrungið hamingju, gleði og jólaanda, og öllum líður vel og finna sitthvað við hæfi í mat, kökum, drykk og auðvitað keramikinu líka,“ segir Bjarni sem dregur líka út einn heppinn vinningshafa á dag í veglegu jólamarkaðshappdrætti sem hann kallar Keramik í kassa.

„Börnin fá líka glaðning frá mér og það skemmtilegasta er að krakkar sem komu hingað lítil fyrir sextán árum eru nú orðin fullorðið fólk að kaupa sér muni í búid eða herbergið sitt. Mér þykir undurvænt um að sjá þessa einstaklinga koma aftur og aftur og eiga þessa jólahefð með mér. Minningin á alltaf að vera góð og falleg.“

Bakar frekar fram á nótt

Á jólamarkaði Bjarna svigna borðin af dýrindis keramikhönnun í bland við lostætar hnallþóru og heimagerðar veitingar.

„Margir vina minna segja að ég

ætti að einfalda málið og kaupa tilbúna smákökur eða deig til að baka úr en það kemur ekki til greina. Frekar baka ég fram á nætur svo að nóg sé til fyrir mína gesti. Það verður að vera heima-bakað og nú býð ég líka upp á marengstertur. Ég byrjaði að baka margens að gamni mínu fyrir nokkrum árum og þær áttu alls ekki að verða fastur liður en það er svolítið hættulegt að koma með nýjar hefðir því þær vilja oftast halda sér í jólahljógunni á vinnustofunni.“

Í dag er bílskúrin sem hýsti fyrstu jólamarkaði Bjarna farinn og í staðinn risin 90 fermetra viðbygging sem er vinnustofa listamannsins, opin, hlý og björt.

„Þegar maður heldur jólamarkað í sextánda sinn þýðir ekkert annað en að vera með nýja hönnun og í ár er þar engin undantekning. Reyndar er svo margt nýtt að sumt af eldri munum mínum hefur þurft að víkja. En það nýja getur líka verið það gamla í nýjum búningi, eins og eldfjöllin og margfætlurnar sem ég framleiði sérstaklega fyrir jólamarkaðinn en eru hönnun sem ég gerði í námi mínu 1988. Þá má nefna nýja kertastjaka, vasa og skálar, og margir koma til að fylla á stellin sín og það sem þeir eiga fyrir,“ greinir Bjarni frá.

Sjálfur hrífst hann af keramikverkum Claudi Casanovas.


„Þau eru hrein og bein náttúran, og það er einmitt það sem ég hrífst mest af í eigin verkum, þegar ég næ að gera glerunga sem líkjast náttúrunni sem mest. Oft og tíðum er það erfitt en þegar það lukkast er mikil gleði og hamingja.“

Jólamarkaður Bjarna í Hrauntungu 20, Hafnarfirði, er opin fimmtudag til sunnudags frá klukkan 10 til 18. Allir velkomnir. ■

Brosandi blaðra, alla daga

COMFORT-U® fyrir endurteknar þvagfærasýkingar.

Fyrirbyggjandi og við bráðum tilfellum.



COMFORT-U® fæst nú í Apótekanum, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf & heilsu og á goodroutine.is

FRÍ

heimsending þegar
verslað er fyrir **7.000,-**
eða meira í vefverslun

**GJAFALEIKUR Á
ZIKZAKVERSLUN.IS**

Minnum á að allir sem þanta
í vefverslun til 20.nóv geta
átt möguleika á að fá
þöntunina **endur-
greidda!**

JÓLALÍÑAN 2022 ER KOMIN Í HÚS!

Kringlan - ZIKZAKVERSLUN.IS

ZIKZAK
TÍSKUHÚS

NÝ vefverslun

Fáðu sent samdægurs eða daginn eftir
með **DROPP** eða póstinum



KJÓLL
9.990,-
st. S-XXXL



Kjöll
7.990,-
st. S-XXXL



SKYRTA
8.990,-
st. 42-56



BLÚSSA
8.990,-
st. 42-56



KJÓLL
10.990,-
st. 42-56



TÚNIKA
8.990,-
st. 42-56



SKYRTA
7.990,-
st. S-XXXL



KJÓLL
7.990,-
st. S-XXXL



KJÓLL MEÐ UNDIRKJÓLL
8.990,-
st. S-XXXL



SIFTON KJÓLL
7.990,-
st. S-XXXL

Litadýrð og útgeislun einkennir hönnun Hildar

Hildur Hafstein skartgripa-
hönnuður hefur vakið mikla
athygli fyrir skartgripi með
eigin nafni. Hildur rekur
litla verslun og vinnustofu á
Klapparstig sem er sveipuð
töfrum og lýsir persónuleika
Hildar vel.

sjöfn@frettabladid.is

Hildur hafði mikinn áhuga á fötum og skrauti á unglingsár-unum. Hún klæddi sig á litríkan hátt og hefur alltaf haft þörf fyrir að skapa. Hildur er fædd í Svíþjóð, alin upp hér á landi, en hefur alltaf sagt að í sér renni suðrænt blóð þótt hún viti ekki hvaðan það kemur.

„Eftir Versló var ég óviss um hvað ég vildi gera þótt eitthvað skapandi lægi nú beinast við. Ég prófaði mig aðeins áfram og fór fyrst í viðskiptafræði í HÍ af því mér fannst það praktískt. Skipti svo yfir í lögfræði. Ekki fannst mér hún mikið skárri svo ég tók eina önn í heimspeki. Það fannst mér miklu skemmtilegra en ekki alveg það sem ég leitaði að. Haustið eftir byrjaði ég svo í kláðskera-námi í lónskólanum og þá gerðist eitthvað spennandi, sá samt að ég vildi frekar teikna fót en sauma þau. Þá lá leiðin til Barcelona í fatahönnun þar sem ég var í tvö ár, kom svo heim og kláraði BA í textilhönnun við LHÍ,“ segir Hildur.

Fannst Cindy Lauper frekar töff

Aðdragandi að því að Hildur ákvað að læra hönnun tók sinn tíma en sköpunarþörfin var ávallt til staðar. „Ég hafði sem unglingur mikinn áhuga á fötum og skrauti, klæddi mig alltaf mjög litríkt og fékk mömmu til að hjálpa mér að sauma skraut á flíkur eða mála skó. Get ekki sagt að ég hafi beint átt fyrirmynd en á þessum árum fannst mér Cindy Lauper frekar töff. Í Versló varð ég klassískari í klæðaburði, litagleðin og glamúrinn tóku aftur við, sérstaklega þegar ég kynntist uppáhalds-eyjunni minni Ibiza en þangað fór ég fyrst í vinkonuferð 1989, vann þar í nokkur sumur og fer reglulega í heimsókn.“

Þar fæddust fyrstu skartgripirnir

Spurð segist Hildur halda að hún hafi verið frekar skapandi krakki. „Ég var ágæt í að teikna og hafði gaman af að gera klippimyndir og búa til alls konar og ómeðvitað hef ég kannski alltaf verið dálítill textilhöfðingur. Ég vann mest sem stílistil og búningahönnuður í sjónvarpi og leikhúsi eftir nám en ég gerði líka þrjár fatalínur, ein þeirra hét Barbarella sem ég gerði með Bjarna Breiðfjörð, vini mínum. Hún var mjög litrík og skemmtileg. Skartgripirnir komu hins vegar alveg óvart til mín.

Ég fór í diplómanám á vegum
Listaháskólans og Háskólans á Bif-
röst sem hét Prisma og þar fæddust



Pessar festar sem Hildur hefur gert úr steinum og antik tyrkneskum textíl eru í mestu uppáhaldi hjá henni. Einstaklega fallegar festar þar sem steinarnir í allri sinni dýrð fanga augað.

fyrstu skartgripirnir. Ég kláraði námið 2010 og seldi fyrst hönnunina í nokkrum búðum í bænum. Ég opnaði svo fyrstu verslunina mína 2012 á Klapparstígnum og er enn að.“

Hvar færðu innblásturinn í hönnun þína?

„Bara úti um allt, úti á götu, í útlöndum, í náttúrunni, í bíó, myndlist, bókum, bara alls konar. Ég held samt að Ibiza sé yfir höfuð kannski mesti áhrifavaldurinn og innblásturinn. Hippamenningin er mjög sterk og andrúmsloftið á eyjunni dásamlegt. Svo er það jógaheimspekin, sigaunameningin og ýmis sýmbólismi, eitthvað sem ég horfi mikið til og finnst gaman að skoða.“

*Begar kemur að
formum, efnisvali og
litum, hvað er það sem
heillar þig mest?*

„Ég nota mest silfur í gripina mína en líka 9 karata gull. Svo eru náttúrusteinar alltaf stór hluti og öll sú litadýrð sem er í þeim. Steinarirnir voru reyndar upphafið að þessu öllu saman, orkan og

Hildur Hafstein skartgripahönnuður hefur vakið mikla athygli fyrir hönnun sína á skartgripamerkinu Hildur Hafstein þar sem fallegir, litríkir steinar með sögu og orku sína aðalhlutverkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

áferðin á þeim var það sem kallaði fyrst á mig. Svo vafði þetta upp á sig. Ætli steinarnir heilli mig ekki mest, sagan og orkan í þeim.“

*Er eitthvað sem stendur upp
úr nú þegar af því sem þú hefur
hannað?*

„Já, ég get eiginlega sagt það fullum fetum að festarnar sem ég hef gert úr steinum og antík tyrkneskum textíl séu í uppáhaldi.“

Bjuggu í Valencia á Spáni



Hildi hefur gengið fram-
úrskarandi vel að kynna
hönnun sína og koma
henni á framfæri.
„Ég hef reynt að
vera í flæðinu með
þetta allt saman
og leyft hlutunum
að gerast. Þessi
litli heimur minn
hefur vaxið og
þroskast fallega.
Ísland er litill
markaður og ég
er svo heppin
að mér hefur
verið vel tekið
frá byrjun og
á orðið stóran
hóp af frá-
bærum kúnum
sem ég er þakklát
fyrir.

Við fjölskyldan
bjuggum í Val-
encia á Spáni í
nokkur ár og þar
rak ég vinnu-
stofu samhliða
búðinni hér. Ég
fékk með mér
gott fólk sem sá
um búðina hér
á Íslandi svo ég
gat eytt tímanum úti í
að spá og spekulera og
skoda tækifæri. Þar fann
ég framleiðendurna



Ég nota mest silfur í gripina mína en líka 9 karata gull, segir Hildur.

“Ég held að Ibiza sé yfir höfuð kannski mesti áhrifavaldurinn og innblásturinn. Hippamenningin er mjög sterk og andrúmsloftið á eyjunni dásamlegt.

mína, tvö lítil fjölskyldufyrirtæki með kynslóðahefð sem ég vinn enn með í dag. Það breytti öllu að komast í sérhæfða skartgripaframleiðslu, þá gat ég bætt í vöruúrvalið, fór að selja í búðum úti og stofnadi netbúð.“

Getur þú gefið öðrum góð ráð
sem langar að láta drauma sína
rætast á þessu sviði?

„Það skiptir máli að reyna að vera óhræddur. Hlusta á innseið, ferðast, skoða, prófa, vera opin og fá ræð. Þetta er ekkert alltaf auðvelt. Ég víðurkenni alveg að það gat verið stressandi að hitta fólk í fyrsta sinn, framleiðendur, verslunareigendur og birgja, og kynna sig og sína vöru. Það er mér ferskt í minni þegar ég var ein í Istanbul í fyrsta skiptið að hitta silfurframleiðendur. Þegar ég kom á staðinn hitti ég fyrir þrjá fileflda tyrkneska gyðinga í gömlu dimmu vöruhúsi og þeir fylgdu mér um á milli vörubásanna.

Ég varð ekki smeyk fyrr en eftir á en að sjálfsögðu voru þeir hinir indælustu menn og ég hitti þá alltaf þegar ég fer til Ístanbúl og fæ hjá þeim te,“ segir Hildur og hlær.

Gallabuxur og hælur

Hildur hefur líka fallegan og litríkan fatastíl sem teknið er eftir. Hún lýsir stílnum sínum sem litríkum en líka stílhreinum. „Gallabuxur og blússa er klassísk og ég er mikið svoleiðis klædd dagsdaglega í vinnunni, nota gallabuxur kannski aðeins af mikið. Dreymir oft um að vera í flottum pilsum eða kjól og hælum en veðráttan hér býður ekki endilega upp á það, ég er reyndar dugleg að vera í hælum.“

Þegar kemur að sniðum er Hildur til í allt. „Ég fer í alls konar snið ef þau eru vel gerð og klæða mig en ég legg áherslu á góð efni, ég á alveg rosalega erfitt með léleg efni og vansknið á flikum.

Litir lifga upp á lifið, og hér í þessu skammdegi finnst mér enn meiri þörf á að klæðast litum, ég viðurkenni að Íslendingar mættu bæta sig á þessu sviði,“ segir Hildur að lokum með sínu geislandi brosi. ■

Dúnkápur frá *Betty Barclay*





**SKOÐIÐ
LAXDAL.IS**

 Fylgið okkur á FB

Laxdal er í leiðinni



**BERNHARD
LAXDAL**
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



GOLDBERGH
LUXURY
SPORTS



GOLDBERGH kynningarpartý

í dag kl 16 -18

Allir sem máta Goldbergh fatnað komast í pott og geta unnið 100.000 inneign á Goldbergh vörum.

Við hlökkum til að sjá þig!

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
Bláskógabyggð, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. **Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. október 2022 að kynna skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðisins Krækishóla. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins breytist úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.
2. **Krækishólar ; Deiliskipulagsbreyting; Frístundasvæði í íbúðarsvæði**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. október 2022 að unnin yrði skipulagslýsing fyrir breytingu á deiliskipulagi og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi vegna svæðisins. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins breytist úr frístundasvæði í íbúðarsvæði.
3. **Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. október 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingu á affreyngar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsupphæfinga.
4. **Bæjarás; Veiðihús; Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2022 að kynna tillögu deiliskipulag sem tekur til sem tekur til veiðihúss að Bæjarási í landi Laxárdals. Innan lóðarinnar er heimilt að byggja allt að 180 fm hús á einni hæð sem þjónar starfsemi tengdri veiðifélaga árinna. Mænishæð húsa skal ekki yfirstiga 6.0 m frá gólfplötu. Nýtingarhlutfall lóðar verði mest 0.2. Ekki skal byggja nær lóðamörkum en í tveggja metra fjarlægð. Gætt skal að því við uppbyggingu mannvirkja innan lóðarinnar að starfsemin hafi engin takmarkandi áhrif á nýtingaráform fyrir möguleg búrekstrarnot af aðliggjandi svæði.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

5. **Einiholt 1 land 1 L217088; Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Einiholts 1 lands 1 L217088 og Mels L224158. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit B-1 á lóðinni Melur og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar ásamt heimild til að stækka núverandi þjónustuhús fyrir rafbíla úr 80 fm í 110 fm. Einnig er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit B-3 og heimild til að byggja allt að 300 fm þjónustuhúsnæði innan stækkunar. Auk þess er bætt við byggingarreit B-4 á spildunni Einiholt 1 land 1 þar sem byggja má allt að 800 fm þjónustuhúsnæði.
- Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaga-anna, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 1, 2, 3 og 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 17. nóvember 2022 til og með 9. desember 2022.
Mál nr. 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 17. nóvember 2022 með athugasemdafrest til og með 30. desember 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Bílar & Farartæki



2022 ónotaður Ford Transit 350 L3H2 Trend. Vinsælasta stærðin og hæðin. Framhjóladrif. Já dómur mínar og herrar hér er ekki eins og hálfárs bíð eftir sendibíl. Þennan getur þú fengið strax ! Verð: 5.990.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BILINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalarar@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltir málarameistarar. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Rúnar Múrarar ehf
S. 774 3800

Innimálning
Parketlagir
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Pakskipti

runarmur@gmail.com

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndasímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTEDI
SLÁTTUVÉLAÞJÓUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-17



Erum við
að leita að þér?



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

ER BÍLSÆTID RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir, mótörhjóna og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR EFTIR

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið



S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is